

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2451/2000

frá 7. nóvember 2000

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, að því er varðar XIV. viðauka

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 ⁽²⁾, einkum 43. gr. og 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. lið C-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um að hækka megi mörk vegna aukningar á alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál um 1% á árum þegar veðurskilyrði eru einstaklega óhagstæð.
- 2) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1622/2000 er tilgreint að þessi óhagstæðu ár og hlutaðeigandi vín-ræktarsvæði, landsvæði og yrki skuli vera eins og fram kemur í XIV. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Vegna einstaklega slæms veðurs í vínræktarhéruðum Breska konungsríkisins á árinu 2000 leyfa mörkin vegna aukningar á náttúrulegum alkóhólstyrkleika, sem mælt er fyrir um í E-þætti V. viðauka, ekki framleiðslu á víni þar sem venjulega væri eftirspurn eftir á markaði. Því skal Breska konungsríkinu heimilað að auka náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál um allt að 4,5% miðað við rúmmál og skal árið, sem þessi undanþága á við, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum, skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnar-nefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist hér með við XIV. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 1622/2000:

	„Ár	Vínæktarsvæði	Landsvæði	Yrki (ef við á)
1.	2000	A	England, Wales	Auxerrois, Chardonnay, Ehrenfelser, Faber, Huxelrebe, Kerner, Pinot Blanc, Pinot Gris, Pinot Noir, Riesling, Schonburger, Scheurebe, Seyval Blanc og Wurzer“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.
